

Sveitarfélagið Skagaströnd
Túnbraut 1-3
545 Skagaströnd

18. desember 2025
UOS2501534/S.M.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. nóvember 2025 – ID 39

Þann 17. nóvember 2025 fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar með aflögðum urðunarstað Sveitarfélagsins Skagastrandar að Neðri Harrastöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. lista í gr. 1.7, og skila niðurstöðunum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar 2026.

Virðingarfyllt,

Sigríður Magnúsdóttir
Teymi eftirlits

Halla Margrét Viðarsdóttir
Teymi eftirlits